

Nd.

455. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana (á þingskjali 438).

Frá Jóni Jónssyni.

Tillagan orðist svo:

Um leið og Alþingi afgreiðir frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903, ályktar það að lýsa yfir því, að svo verði að líta á, að það hafi verið vilji Alþingis 1913, að konungsúrskurður um uppburð sjermála Íslands fyrir konungi í ríkisráði Dana yrði engu skilyrði bundinn.

Jafnframt ályktar Alþingi að lýsa yfir mótmælum gegn því, sem gerðist á ríkisráðsfundi 20. okt. 1913, um sjermál Íslands, sbr. konunglegt opið brjef, dagsett sama dag, og felur ráðherra Íslands að skrifa ekki undir konungsúrskurð um, að sjermál Íslands verði borinn upp í ríkisráði Dana, eins og hefir verið, nema konungur gefi út um leið nýtt opið brjef til íslensku þjóðarinnar, undirskrifað af ráðherra Íslands, þar sem þess sje getið, að konungur vilji verða við þeim óskum Íslendinga, að hann ákveði að eins, að sjermál Íslands skuli borin upp í ríkisráði Dana, eins og að undanfögnu, án þess að breyting á því sje því skilyrði bundin, að konungur staðfesti lög um ríkisrjettarsamband Danmerkur og Íslands samþykkt bæði af Ríkisþingi og Alþingi, þar er ný skipun verði gerð.